

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 32/2011

2011/EES/37/26

frá 1. apríl 2011

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2010 frá 10. desember 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/50/ESB frá 10. ágúst 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu dasómeti við í I. viðauka við hana ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/51/ESB frá 11. ágúst 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu N,N-dietýlm-tólúamíði við í I. viðauka við hana ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32010 L 0050:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/50/ESB frá 10. ágúst 2010 (Stjtið. ESB L 210, 11.8.2010, bls. 30),
- **32010 L 0051:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/51/ESB frá 11. ágúst 2010 (Stjtið. ESB L 211, 12.8.2010, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2010/50/ESB og 2010/51/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 11, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 17, 31.3.2011, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 210, 11.8.2010, bls. 30.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 211, 12.8.2010, bls. 14.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.